

Lög

um

löggilding verslunarstaðar að Höfn í Sljettuhreppi
í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Nr. 69.
3. nóv.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Að Höfn í Sljettuhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu skal vera löggiltur verslunar-
staður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar Stjórnarráð Íslands hefir ákveðið takmörk verslun-
arlóðarinnar, sbr. lög nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson

Lög

um

heimild til að veita einkarjett til þess að hagnýta járnsand
(Volcanic sand).

Nr. 70.
3. nóv.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ráðherra Íslands heimilast að veita Magnúsi yfirdómslögmanni Gíslasyni á
Fáskrúðsfirði og Þórarni Böðvari Guðmundsson á Seyðisfirði einkarjett um 50 ár til
þess að hagnýta sjer á hvern þann hátt, er þeim sýnist, járnsand (Volcanic sand) fyrir
innan landhelgislínuna á Hjeraðsflóa, þó ekki nær landi en 60 faðma fyrir utan lægsta
fjöruborð.

Sömu mönnum veitist og forgangsrjettur til að hagnýta sjer járnsand á öðrum
stöðum í landhelgi Íslands, en sæta verða þeir sömu kostum og aðrir bjóða, er síðar
kynnu að leita slíks leyfis hjá löggjafarvaldinu og það vill veita leyfið.